

Verðlaun fyrir meistaraverkefni í kennslu- og tómstundafræðum

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að veita verðlaun fyrir allt að tólf meistaraverkefni í leikskólakennara-, grunnskólakennara- og tómstundafræðum á árinu 2018. Verkefnin þurfa að vera unnin á vettvangi skóla- og frístundastarfs í borginni og hafa hagnýtt gildi fyrir frampróun í formlegu og óformlegu námi barna og unglunga. Verðlaun fyrir sérhvert verkefni nemur 250.000 kr.

Meistaraneimar sem vilja koma til álita þurfa að skila inn verkefni sínu fyrir 10. júní 2018 ásamt rökstuðningi fyrir hagnýtu gildi verkefnisins og umsögn prófdómara. Eingöngu koma til álita meistaraverkefni sem skilað var inn til á tímabilinu 1. júní 2017 til 31. maí 2018. Öll gögn skal senda á netfangið sfs@reykjavik.is merkt *Viðurkenning fyrir meistaraverkefni*.

Fjögurra manna dómnefnd, skipuð sérfræðingum í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs, metur verkefnin og verður tilkynnt um verðlaunahafa í ágúst 2018. Efnt verður til kynningar á verðlaunaverkefnum fyrir stjórnendur og starfsfólk skóla- og frístundasviðs.

Markmið þessara verðlauna er að auka hagnýtingu rannsókna í fagstarfi með börnum og unglingum í borginni, vekja athygli á skóla- og frístundastarfi í borginni og hvetja meistaraneima til að gera Reykjavík að vettvangi rannsókna, náms og starfs.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
